

**FORELDRAFÉLAG
VATNSENDASKÓLA**



**SKÝRSLA STJÓRNAR
STARFSÁRIÐ
2018-2019**

Foreldrafélag Vatnsendaskóla

Foreldrafélagið er samstarfsvettvangur foreldra og markmið þess er að efla og tryggja gott samstarf heimila og skólans, vinna að velferð nemenda, koma á framfæri sjónarmiðum foreldra um skóla- og uppeldismál og standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska. Markmið félagsins er m.a. að efla kynni foreldra innbyrðis og stuðla að umræðum og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.

Stjórn

Ný stjórn foreldrafélagsins var mynduð í lok september og hélt sinn fyrsta stjórnarfund 2. október 2018. Ekki hafði tekist að mynda stjórn á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn var að vori vegna dræmrar mætingar félagsmanna. Fyrir lá að fyrrum stjórnarmeðlimir gáfu ekki kost á sér áfram. Því var brýnt að mynda nýja stjórn sem fyrst þegar liðið var á nýtt skólaár og enginn starfandi stjórn foreldrafélagsins. Sú stjórn sem nú situr var því ekki kosin á aðalfundi heldur samanstendur hún af fólki sem bauð sig fram til starfa þegar nýtt skólaár var hafið. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti stjórnin með sér verkefnum, kaus formann, ritara, gjaldkera, röltstjóra og meðstjórnendur.

Stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla veturinn 2018-2019:

Guðrún Hergils Valdimarsdóttir, formaður
Tómas Albert Holton, gjaldkeri og röltfulltrúi
Áslaug Pálsdóttir, ritari
Linda Jörundsdóttir, meðstjórnandi
Ragnhildur Helgadóttir, meðstjórnandi

Fimm manna stjórn situr til eins árs í senn. Æskilegt er að ekki fleiri en þrjú gangi úr stjórn hverju sinni. Fundir stjórnar á starfsárinu voru átta talsins og oftast var fundað í húsakynnum skólans. Stjórn foreldrafélagsins átti gott samstarf við stjórnendur og starfsfólk skólans.

Viðburðir foreldrafélagsins

Foreldrafélagið stóð fyrir fjölbreyttri dagskrá veturinn 2018-2019. Viðburðir og fræðslufundir voru almennt vel sóttir.

BEKKJARFULLTRÚAFUNDUR: Stjórn foreldrafélagsins stóð fyrir fundi með bekkjarfulltrúum til að fara yfir hlutverk bekkjarfulltrúa 4. október. Dagskrá foreldrafélagsins var kynnt og bekkjarfulltrúar hvattir til að halda fundi með foreldrum í sínum árgöngum til að stilla saman strengi fyrir

komandi vetur. Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla og foreldri í Vatnsendaskóla, fræddi viðstadda um hlutverk bekkjarfulltrúa og gaf góð ráð. Meðal annars var kynntur Foreldrasáttmáli Heimilis og skóla sem er gott stuðningstæki fyrir foreldra.

HALLOWEEN BALL: Halloween ball var haldið fyrir miðstig skólans 31. október. Krakkarnir mættu uppáklædd í tilefni dagsins og skemmtu sér vel. Kosið var um besta búninginn. Viðburðurinn var í umsjá 10. bekkjar og haldinn í samvinnu við Dimmu.

JÓLABINGÓ: Foreldrar og börn komu saman og tóku þátt í skemmtilegu jólabingói 29. nóvember. Mæting var góð enda voru veglegir vinningar í boði og kaffisala á staðnum. Bingóið var tvískipt; yngri árgangarnir fyrst og síðan þeir eldri. Viðburðurinn var í umsjá 10. bekkja og þeirra foreldra sem liður í fjáröflun fyrir útskriftarferð.

„GLOW IN THE DARK“ BALL: Diskótek fyrir miðstig í umsjá 10. bekkja og þeirra foreldra var haldið 6. febrúar. Krakkarnir klæddu sig í hvítt og neonliti sem lýsa í myrkri. 10. Bekkingar sáu um andlistsmálun. Mikið stuð og stemming hjá krökkunum.

VANDA SIG – FRÆDSLURINDI: Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor við menntavísindasvið HÍ og þjálfari hjá KVAN, hélt fræðslurindi í boði foreldrafélagsins 20. febrúar. Í erindi sínu fjallaði Vanda um vináttu barna, félagsfærni og hvernig við foreldrar getum aðstoðað börnin okkar með að ganga vel í jafningjasamskiptum. Jafnframt greindi hún frá þeirri vinnu sem KVAN hefur unnið með kennurum skólans í vetur. Fyrirlesturinn var vel sóttur og byggði á blöndu af fræðslu og góðum hagnýtum ráðum sem munu án efa nýtast í foreldrahlutverkinu.

HVAÐ ER HEILBRIGÐUR SKJÁTÍMI?: Foreldrafélag Vatnsendaskóla stóð fyrir fundi með Birni Hjálmarssyni, barnalækni á BUGL, 12. mars. Foreldrar í Vatnsendaskóla fjölmenntu á fundinn og sköpuðust góðar og gagnlegar umræður. Á fundinum kom m.a. fram mikilvægi þess að við foreldrar fylgjumst vel með skjánotkun barna okkar og virðum aldurstakmörk á tölvuleikjum, samfélagsmiðlum og öðru efni á netinu - tryggjum að það hæfi aldri þeirra og þroska.

SKÍÐADAGUR: Ætlunin var að fara í Bláfjöll og eiga góðan dag saman 19. mars en vegna veðurs þurfti að seinka skíðadeginum. Ekki fannst annar dagur með hagstæðum skilyrðum vegna fjölda lokunardaga í fjallinu. Skíðadagurinn hefur verið haldinn tvisvar áður og er farinn að skapa sess í vetrarstarfi foreldrafélagsins. Foreldrafélagið stefnir á að halda skíðadag næsta vetur.

PÁSKABINGÓ: Bingóið var á sínum stað þann 4. apríl. Alltaf myndast góð stemming enda vegleg páskaegg í vinninga. Umsjón var í höndum 10.

bekkinga sem hluti af fjáraflun þeirra. Bingóið var tvískipt; yngri árgangarnir fyrst og síðan þeir eldri.

AÐALFUNDUR FORELDRAFÉLAGSINS: Haldinn 21. Maí. Foreldrar hvattir til að mæta og hafa áhrif á störf foreldrafélagsins. Allir foreldrar eru kjörgengir og geta gefið kost á sér. Foreldrar eru hvattir til að gefa kost á sér í stjórn og taka með virkum hætti þátt í starfi félagsins

VIÐBURÐIR FRAMUNDAN: Í lok maí ætlum við að vera með **hjóladaðag** þar sem verður hjólað saman á skemmtilegan stað þar sem við munum grilla pylsur og eiga skemmtilega stund saman. Hin árlega **vorhátíð** verður á sínum stað eftir skólaslitin 7. júní. Gert er ráð fyrir að vorhátíðin verði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Til stendur að standa veglega að þessum viðburðum og stjórn foreldrafélagsins hefur eyrnamerkt peninga í þessa tvo viðburði.

Foreldrarölt

Foreldraröltið fór vel af stað í vetur en ræddar hafa verið leiðir til að virkja foreldra enn betur. Röltið er sjálfboliðastarf foreldra með það að markmiði að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivistartíma barna og unglunga og koma í veg fyrir óæskilegar hópamyndanir. Röltstjóri foreldrafélagsins er Tómas Albert Holton sem sá til þess að láta árganga vita þegar röðin kom að þeim og hélt utan um röltið.

Dimma

Stjórn foreldrafélagsins átti á starfsárinu fund með forstöðukonu félagsmiðstöðvarinnar Dimmu. Á fundinum var rætt um leiðir til að auka samstarf foreldrafélagsins við félagsmiðstöðina. Einnig var húsakostur Dimmu ræddur. Ræddar voru mögulegar leiðir til að efla frístundastarf í skólanum að skóladegi loknum. Sérstaklega er um að ræða starfið á miðstigi en afar litlu fjármagni er veitt í það stig. Stjórn foreldrafélagsins telur mikilvægt að komið sé til móts við þennan hóp með uppbyggilegu starfi í félagsmiðstöðinni. Rannsóknir hafa sýnt að frítíminn er ekki síður vettvangur uppeldisstarfs þar sem áhersla er lögð á að þjálfra samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku.

Spjaldtölvuverkefni Kópavogs

Stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla fékk í vetur spurnir af vaxandi áhyggjum foreldra vegna óhóflegrar notkunar barna á spjaldtölvum sem bærinn útvegar þeim til kennslu og til notkunar heima. Stjórn foreldrafélagsins fannst það skylda sín að miðla til bæjaryfirvalda vaxandi áhyggjum foreldra vegna óhóflegs skjátíma barnanna og vandamála sem það hefur skapað. Bréf var sent á sviðstjóra menntasviðs Kópavogsbæjar þann 27. mars 2019.

Í bréfinu var meðal annars bent á að gagnrýni foreldra í skólanum af spjaldtölvuverkefninu, einkum í yngstu bekkjum sem innleiðingarverkefnið nær til, hafa komið skýrast fram á foreldrafundum þegar foreldrar skrifa undir foreldrasáttmála Heimilis og skóla. Í þessum sáttmálum er m.a. kveðið á um mikilvægi þess að börnin hafi aðeins aðgang að kvikmyndum, tölvuleikjum og efni á netinu sem hæfir aldri þeirra og þroska og eins að foreldrar skuli setja mörk varðandi skjátíma. Við í stjórn foreldrafélags Vatnsendaskóla finnst boðskapur Spjaldtölvuteymis Kópavogs vera í hrópandi ósamræmi við þessa foreldrasáttmála en tölvurnar eru afhentar alfarið heim til nemenda í 5. bekk án nokkurra takmarkana. Eitt er að nota spjaldtölvur við kennslu undir eftirliti kennara eða starfsmanns skóla. Annað er að senda barnið heim með spjaldtölvu, þar sem vitað er að börn eru yfirleitt eftirlitslaus í nokkra klukkutíma eftir að skóladegi lýkur, og foreldrar hafa því ekki tók á að fylgjast með spjaldtölvunotkun. Er forsvaranlegt að bæjaryfirvöld setji þá ábyrgð á foreldra þegar þeir eru ekki á staðnum?

Í bréfinu var eftirfarandi spurningum beint til Kópavogsbæjar. Svarbréf barst stjórn þann 14. maí og hér að neðan má sjá spurningarnar feitletraðar og svörin skáletruð.

1. Hefur verið gerð úttekt á ávinningi tilraunaverkefnis Kópavogsbæjar um spjaldtölvuvæðingu grunnskólanna?

Formleg heildarúttekt á verkefninu hefur ekki verið gerð. Þegar verkefnið fór af stað var áætlað að fenginn yrði utanaðkomandi aðili til að meta stöðu þess að ca 5 árum liðnum. Unnið er að undirbúningi og stefnt að því að sú vinna fari fram á næsta ári. Bæjaryfirvöld hafa jafnframt verið í sambandi við Menntamálastofnun um samstarf varðandi mat á verkefninu. Gerðar hafa verið ýmsar kannanir sem sjá má á vefnum. <http://spjaldtolvur.kopavogur.is/upplysingar/>

2. Er Kópavogsbær tilbúinn að gera könnun meðal foreldra þar sem meðal annars væri kannað hvort vilji sé fyrir því að börn í 5. bekk fái spjaldtölvurnar alfarið heim og hvort vilji sé fyrir því að opnað sé fyrir AppStore í spjöldunum? *Skoðað verður í samstarfi við skólustjóra hvort*

þörf sé á slíkri könnun í öllum skólum. Skólastjórnendur meta það í samræmi við viðhorf og vilja foreldra í hverjum skóla.

3. Hefur Kópavogsbær gefið út viðmið um skjánotkun barna m.t.t. skjátíma, aldurs barna og eftirlits foreldra?

Á heimasíðu verkefnisins er sérstök leiðbeiningasíða fyrir foreldra þar sem m.a. má finna skjáviðmið SAFT sem Kópavogsbær hefur stuðst við og kynnt á foreldrafundum.

<http://spjaldtolvur.kopavoqur.is/leidbeiningar/leidbeiningar-foreldrar/>

<https://saft.is/skjavidmid/>

4. Hefur Kópavogsbær gert könnun meðal foreldra barna í grunnskólum bæjarins um hvernig til tekst að höndla skjátíma barnanna?

Ekki hefur verið gerð könnun meðal foreldra varðandi skjátíma barna. Hinsvegar hefur Kópavogsbær verið meðvitaður um að leitast við að styðja og upplýsa foreldra eins og kostur hefur verið, m.a. á sérstökum fundum með foreldrum og vísað í umrædda heimasíðu verkefnisins þar sem er að finna leiðbeiningar um hvernig stýra má skjátíma barna. Spjaldtölvur frá Apple eru jafnframt þannig búnar að í stýrikerfi þeirra er stilling sem heitir Screentime. Þar geta foreldrar sett inn stillingar þannig að þeir stýra með lykilorðum hvenær spjaldið er opið og hvenær ekki og hvort hægt er að fara á netið eða ekki. Sjá nánari leiðbeiningar um Screentime á vef verkefnisins, undir leiðbeiningar foreldra.

<http://spjaldtolvur.kopavoqur.is/leidbeiningar/leidbeiningar-foreldrar/> Í þessu samhengi má taka fram að Kópavogsbær styður það sem fram kemur í foreldrasáttmála Heimilis og skóla.

5. Hefur Kópavogsbær tekið saman upplýsingar um líðan barna fyrir og eftir afhendingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs?

Fylgst er með niðurstöðum viðhorfakannana nemenda á vegum Skólapúlsins fyrir og eftir að innleiðing spjaldtölva í skólasterfi hófst.

Fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins voru boðaðir á fund hjá menntasviði þann 10. maí þar sem óskað var eftir samtali um þessi mál. Fundin sátu fyrir hönd foreldrafélagsins þær Guðrún H. Valdimarsdóttir, Áslaug Pálsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri Vatnsendaskóla, og María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri Vatnsendaskóla, sátu fundin einnig. Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs og Ragnheiður Hermannsdóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar, sátu fundinn fyrir hönd Kópavogsbæjar. Ágætis samtal átti sér stað um ýmislegt er lítur að snjalltækjanotkun barna og samfélagsmiðlanotkun á skólatíma. Fundarmenn virtust almennt sammála um að ýmsar hættur leynist á netinu og að rétt sé að börn njóti verndar og leiðsagnar. Það voru því ákveðin vonbrigði að sjá að svör Kópavogsbæjar endurspegli ekki þær áhyggjur sem viðraðar voru á fundinum.